Kjarvalsstaðir:

Keramiksýning Rögnu Ingimundardóttur

RAGNA Ingimundardóttir opnar í dag keramiksýningu á vesturgangi Kjarvalsstaða. Þetta er önnur einkasýning Rögnu, en hún hefur áður tekið þátt í samsýningum bæði hér heima og í Hollandi.

Ragna sýnir á Kjarvalsstöðum hluta þeirra verka sem hún hefur unnið á síðastliðnu ári. „Ég er hér með eintóm pör, tvo samstæða hluti sem heyra saman. Hver skál, vasi eða kúla og annað sem ég geri er eitthvað ákveðið fyrir mér, hefur ákveðna þýðingu og er oft tengt ákveðinni manneskju. Þess vegna er það oft að ég get ekki hugsað mér að láta frá mér hluti sem ég hef búið til, nema til fólks sem ég þekki og get séð þá hjá aftur. Vinnslan á hverjum hlut tekur langan tíma. Ég bý til glerungana sjálf og blanda alla liti sjálf. Það er heilmikið mál að prófa sig áfram og finna réttu litina, blanda þá eins og maður vill hafa þá. Ég vil hafa litina matta og þurra. En hvernig litur kemur út að brennslu lokinni veit maður aldrei fyrirfram og þess vegna er það óskaplega spennandi að sjá hvernig endanlega tekst til. Ég sef ekki þá tvo daga sem brennslan tekur," sagði Ragna í samtali við Morgunblaðið þegar hún var að setja upp sýningu sína.

Ragna Ingimundardóttir lauk prófi frá Keramikdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1981 og stundaði síðan framhaldsnám við Gerrit Rietveld Academi í Hollandi 1982-84.

Sýningin er opin daglega frá kl. 14.00-22.00 og stendur til 10. maí.



Ragna Ingimundardóttir Morgunblaðið/Emilía



Frá stofnfundi félags ungra sjálfstæðismanna í Mosfellssveit, Kjalarnesi og Kjós, sem haldinn var á sumardaginn fyrsta.

Félag ungra sjálfstæðismanna stofnað í Mosfellssveit

Á SUMARDAGINN fyrsta var stofnað félag ungra sjálfstæðismanna í Mosfellssveit, Kjalarnesi og Kjós.


Komið var á fót sérstakri kosningaskrifstofu fyrir unga fólkið í Sjálfstæðisflokknum í Mosfellssveit. Innan raða þeirra sem þar hafa starfað var kosin undirbúningsnefnd að stofnun félags fyrir unga sjálfstæðismenn í Mosfellssveit, Kjalarnesi og Kjós.

Á stofnfundinn komu 43 sem skráðu sig sem stofnfélagar, auk annarra gesta, en þeir sem ganga í félagið næsta mánuðinn teljast stofnfélagar. Allir sem styðja vilja stefnu Sjálfstæðisflokksins geta gerst félagar í félagi ungra sjálfstæðismanna í Mosfellssveit, Kjalarnesi og Kjós. Aldurstakmörk eru frá 16 ára upp í 35 ára.

Enn hefur ekki verið ákveðið hvað þetta nýja félag kemur til með að heita, en á fyrsta aðalfundi munu koma fram tillögur um nafn.

Sérstakur gestur þessa stofnfundar var Gunnar G. Schram alþingismaður, en hann ávarpaði fundarmenn og ræddi um stjórnmálaviðhorfið og svaraði spurningum. Einnig fluttu ávörp formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Kjósarsýslu, Þórarinn Jónsson, Svala Árnadóttir formaður Sjálfstæðisfélags Mosfellinga og Magnús Jónsson formaður Sjálfstæðisfélags Kjalnesinga.

Í fyrstu stjórn þessa nýja félags voru kosnir eftirfarandi: Gunnar Páll Pálsson formaður, aðrir í stjórn eru Guðlaug Arnardóttir, Dagný Davíðsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Thelma Hermannsdóttir, Björn Jónsson og Ívar Benediktsson.



„Sagan af brauðinu dýra"
eftir Halldór Laxness:

Skáldið áritar bókina í dag, laugardag milli kl. 11 og 12.

Sagan um villu Guðrúnar Jónsdóttur á Mosfellsheiði með brauð prestsins í tréskjólu varpar ljósi á hugsunarhátt alþýðunnar sem byggði landið á fyrri tíð. Sagan er meistaralega sögð og á brýnt erindi við fólk á öllum tímum.

„Sagan af brauðinu dýra" er nú gefin út í nýjum búningi í tilefni af afmæli skáldsins 23. apríl 1987. Snorri Sveinn Friðriksson listmálari gerði myndir í bókina sem lýsa einkar vel andblæ þessarar sérstæðu sögu.

Kosningakaffi,
opið í dag til kl. 16.
Verið velkomin,
þiggið kaffi og með því.

Kosningahandbók FJÖLVÍS
verður til sölu.

Bókabúð
MÁLS & MENNINGAR
Laugavegi 18 · Sími: 24240

AUGLÝSINGAÞJÓNUSTAN / SÍA